

menntamálaráðherra, áður en kosning fer fram, og er hann formaður ráðsins. Varamenn skulu valdir jafnmargir á sama hátt til sama tíma.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 2. apríl 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

S A M Þ Y K K T

um hundahald í Hvammstangahreppi.

1. gr.

Hundahald er bannað í Hvammstangahreppi.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum búsettum í hreppnum, undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a. Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- b. Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið sem sveitarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í hreppnum, og skal upphæð þess við það miðuð.
- c. Skytt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.
- d. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í sjúkra- og skólahús, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.
- e. Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski ekki ró íbúa hreppsins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um hreppinn fara, til óþæginda.
- f. Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á. m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrir-mælum, sem heilbrigðisnefnd setur.
- g. Skráðum bændum skal heimilt að halda hunda án gjalds og einnig er heimilt að skrá viðurkennda veiðihunda án gjalds.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal honum komið fyrir, sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða itrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds. Sveitarstjórn er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll leyfi, telji hún þess þörf.

3. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Hvammstangahrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. apríl 1975.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Þórunn Klemenzdóttir.

Nr. 67.

11. apríl 1975.

AUGLÝSING

um hækkun raforkuverðs í heildsölu og smásölu.

Ráðuneytið hefur heimilað Landsvirkjun, Rafmagnsveitum ríkisins og Andakilsárvirkjun hækkun heildsöluverðs raforku um 11% frá og með 15. apríl 1975.

Ráðuneytið hefir, frá sama tíma, heimilað Rafmagnsveitu Reykjavíkur 4.3% hækkun og Rafveitu Hafnarfjarðar 4.73% hækkun smásöluverðs raforku, sbr. og auglýsingu ráðuneytisins nr. 60 26. mars 1975. Frá sama tíma er þeim öðrum rafveitum, er sæta verða fyrrgreindri hækkun heildsöluverðs raforku, og þess óska, heimiluð samsvarandi hækkun að skaðlausu á smásöluverði seldrar raforku, eða allt að 5.5%.

Iðnaðarráðuneytið, 11. apríl 1975.

F. h. r.

Árni Þ. Arnason.

Jóhannes Guðfinnsson.